LÖG

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. og 3. mgr. 27. tl. 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 11/1979, orðist svo:

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 750 000 krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 1 500 000 krónum.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 1 500 000 krónum fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 3 000 000 króna af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. apríl 1980.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ragnar Arnalds.

Stjórnartíðindi A 9, nr. 18—19. Útgáfudagur 2. maí 1980.